

**Nd.**

**386. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um atkvæðagreiðslu utan kjörstaðar kjósenda við alþingiskosningar.

Frá Hjeðni Valdimarssyni.

1. Við 1. gr. 1. tölulið.

Aftan við liðinn komi: fyrsta vetrardag, ef um almennar reglulegar kosningar er að ræða, en annars á þeim kjördegi, sem ákveðinn er við aukakosningar.

2. Við 7. gr. 3. tölulið.

Í staðinn fyrir orðið »listabókstafur« komi: listi.

3. Við 8. gr. 2. málslíð.

Orðin »nema því aðeins, að nauðsynleg störf á skipinu, sem ekki þoli bið, hindri« falli niður.

4. Við 8. gr. 3. málslíð. Málslíðurinn orðist svo:

Brot gegn þessu varða 100—1000 kr. sektum, er renna í landssjóð.